

Miðvikudaginn 7. nóvember 1962.

Nr. 113/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Sigurbirni Árnasyni**

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Siðferðisbrot.

### Dómur Hæstaréttar:

Fyrir Hæstarétti hefur af hálfu ákærvalds verið fallið frá kröfu um sviptingu réttinda samkvæmt 3. málsg. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Brot ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, eru þar rétt færð til refsíakvæða að öðru leyti en því, að fyrir verknað, sem varðar við 45. gr. laga nr. 29/1947, ber að ákveða refsingu samkvæmt 191. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málflutnings laun verjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvanarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. júní 1962.

Ár 1962, mánudaginn 25. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Þórði Björnssyni sakadómarara, að Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3091/1962: Ákærvaldið gegn Sigurbirni Árnasyni, sem tekið var til dóms 12. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dags. 17. október 1960, er opinbert mál höfðað á hendur Sigurbirni Árnasyni bifreiðarstjóra, Gnoðarvogi 24, hér í borg, fyrir að hafa frá því á árinu 1957, er hann bjó í skála við Faxaskjól hér í bæ, og þar til í maímánuði s.l. oft farið höndum um kynfæri dóttur sinnar D, fæddrar 11. september 1952, bæði í greindum skála og í íbúð sinni að Gnoðarvogi 24, bæði er hún var í byggingu og eins eftir að hann fluttist þangað í desember 1959, svo og fyrir að hafa í eitt skipti farið höndum um kynfæri telpunnar í bifreið sinni, R 8871, sem hann var skráður eigandi að, 24. júní 1959, er þau höfðu verið í kvikmyndahúsi, og einnig niður í báti, sem hann átti vorið 1959 og lá þá við Grandagarð hér í bænum. Málið er höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í eitt skipti, er hann vann við greinda íbúð sína við Gnoðarvog, tekið buxur telpunnar niður um hana, og getnaðarlim sinn út úr buxum sínum og ýtt honum linum að kynfærum hennar svo og fyrir að hafa, eftir að hann fluttist að Gnoðarvogi 24, oft látið telpuna fara í bað með sér og þvo sér bakið.

Teljast framangreind brot varða við 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 45. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og við 202. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. svo og við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. marz 1920 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1940 19/11 Vestm.eyj. Aðvörun fyrir ölvun.  
 1947 7/7 Rvík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 — 24/9 Rvík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 1950 22/4 Vestm.eyj. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.  
 — 13/12 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1949 19/8 Siglufj. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1952 25/9 Vestm.eyj. Dómur: Fangelsi í 5 mánuði, svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot á 106., 108., 217. og 218. gr. hegningarlaga, 18. gr. áfengislaga og 1., 4., 5. og 8. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja.  
 1955 14/3 Hafnarfj. Áminning fyrir brot á 10. gr. bifreiðalaga.  
 — 17/8 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1956 1/2 Hafnarfj. Dómur: 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

1956 1/2 Hafnarfj. Áminning fyrir ógætilegan akstur.

1959 30/12 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1949 kvæntist ákærði Esther Snæbirnu Snæbjörnsdóttur í Vestmannaeyjum, og höfðu þau þá búíð saman í 2 ár. Árið 1954 fluttust þau til Reykjavíkur. Þuggu þau fyrst í Eddubæ við Vatnsveituveg, en 15. desember 1956 fluttu þau í bragga við Faxaskjól, og 24. desember 1959 þaðan á Gnoðarvog 24. Hefur ákærði lengstum starfað hér í borginni sem bifreiðarstjóri, bæði fólksflutnings- og vörubifreiða. Þau hjónin hafa eignast 10 börn saman: 8 drengi, fædda 1947, 1949, 1950, 1951, 1953, 1955, 1957 og 1958, og tvær stúlkur, fæddar 1952 og 1956.

Kona ákærða, Esther Snæbirna, hefur borið það, að í nóvember eða desembermánuði 1959 hafi dóttir þeirra, D, fædd 11. september 1952, skýrt henni frá því, að ákærði hefði verið að eiga við hana. Væri hann að girða niður um hana buxurnar og dónalegur, þegar hún færi með honum á Gnoðarvog 24, þar sem hann væri að vinna. Esther Snæbirna trúði þessu varla og lét málið kyrrt liggja, en sagði telpunni, að hún skyldi ekki fara með ákærða einum inn á Gnoðarvog. Um og eftir miðjan maí 1960 skýrði telpan henni á ný og nánar frá því, hvað ákærði hefði gert við hana, og varð það til þess, að Esther Snæbirna kærði málið til kvenlögreglunnar 27. sama mánaðar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það muni hafa verið á árinu 1958 og reyrdar fyrr, sem hann fann inn á, að Esther Snæbirna vildi ekki láta hann sjá D dóttur þeirra striplast eins og hin börnin. Hafi þetta m. a. orðið til þess, að hann fór að fíkta við telpu þessa, eins og hér greinir:

1. Hann fór í ýmis skipti að strjúka hönd sinni yfir kynfæri hennar og, að því er hann bezt minnir, í fyrsta skipti á árinu 1958. Verknað þennan framdi hann a) nokkrum sinnum í skálanum við Faxaskjól, b) einu sinni í bifreið sinni, R 8871, á leið frá kvikmyndahúsi og heim í skálann, og stöðvaði hann þó eigi bifreiðina á meðan, c) einu sinni niðri í bát sínum við Grandagarð eða í fyrrgreindri bifreið á heimleið frá bátnum og d) nokkrum sinnum á Gnoðarvogi 24. Bátinn keypti ákærði

í desember 1958 og seldi hann síðla næsta ár, en bifreiðina R 8871 eignaðist hann 24. júní 1959.

2. Hann kveðst aldrei hafa tekið buxurnar niður um telpuna nema í eitt skipti á Gnoðarvogi 24, þegar hann var að vinna við húsið, en þá leysti hann buxurnar niður um hana, tók út getnaðarlim sinn og ýtti honum linum að kynfærum hennar í eitt skipti. Varð honum ekki sáðfall.

3. Þá fór hann a.m.k. í eitt skipti í bað á Gnoðarvogi 24 með telpuna, og skrúbbaði hún þá bakið á honum, og þar að auki fékk hann telpuna nokkrum sinnum, þegar hann fór einn í bað þar, til að koma inn í baðherbergið og skrúbba bakið á honum.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á greindum verknaði sínum gagnvart telpunni, að hann hafi ekki verið framinn af kynhvöt, heldur til þess að telpan segði móður sinni frá hegðun hans og afstaða móðurinnar gagnvart honum breyttist á þann veg, að hann fengi „trúnaðartraust“ hennar.

Telpan D hefur skýrt frá frekari mökum ákærða við hana en í 1.—3. lið hér að framan greinir, en þeim hefur hann eindregið mótmælt, og hefur eigi verið kært út af þeim.

Að fyrirlagi kvenlögreglunnar athugaði Guðjón Guðnason læknir, Grettisgötu 98 hér í borg, telpuna D 27. maí 1960 vegna hugsanlegra kynmaka við hana. Í vottorði læknisins, dags. þann dag, um þá athugun segir m. a. svo:

„Ekki er hægt að sjá neina ytri áverka á burðarbörmunum né heldur er hægt að sjá rifu á meyjjarhafti. Leggöng (vagina) svo þröng, að ekki er hægt að koma inn litla fingri. Marblettir eða önnur áverkæinkenni sjást ekki.“

Þá hefur prófessor Símon Jóhann Ágústsson athugað telpuna D, og segir í skýrslu hans, dags. 31. maí 1960, m. a. á þessa leið:

„Telpan virðist vera eðlileg að líkamlegum og andlegum þroska. Við greindarpróf reyndist hún vera ofurlítið á eftir sínum aldri að greindarþroska, eða um 8 mánuði. Hefur hún því greindarvisitölu 91 (meðalgreindarvisitöla er 100). Þetta frávik frá meðalaginun er óverulegt, einkum þegar tekið er tilliti til þess, að telpan er alin upp við heimilisástandur, sem eru ekki vel til þess fallnar að örva andlegan þroska barna.

Við þessa athugun mína fann ég ekkert ónormalt eða óheilbriggt við sálarlíf telpunnar. Þó grunar mig, að hugur hennar snúist talsvert um kynferðisleg efni, og gæti það bent til ótíma-

bærrar reynslu á því sviði. Ég spurði hana m. a., hvort hana dreymdi oft, og kvað hún já við því. „Eru það ljótir draumar eða fallegir?“ spyr ég. „Fallegir,“ svarar hún. Ég: „Segðu mér einhvern draum, sem þig hefur dreymt.“ Hún: „Mig dreymdi engil, og hann lá fyrir aftan mig í rúminu með stelpu.“

Telpan er skýr í svörum, þegar hún hefur unnið bug á feimni sinni, og kom ekki fram hjá henni nein tilhneiging til þess að spinna upp sögur (fabulieren), og ekki virðist hún heldur vera sérstaklega áhrifagjörn. Virðist mér telpan því ekki vera lakara vitni en börn á hennar aldri eru almennt.“

Að undangengnum úrskurði sakadóms, uppkveðnum 16. júní 1960, rannsakaði Esra Pétursson geðveikralæknir geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og var niðurstaða læknisins í skýrslu hans, dags. 15. júlí sama ár, á þessa leið:

„Sigurbjörn Árnason er hvorki fáviti né eiginlega geðveikur. Hann er fyrst og fremst geðvilltur (psychopath) og hefur óeðlilegar kynhvátir (pedophilia). Auk þess eru hugsanir hans ofsóknarkenndar.“

Kærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt sekur um refsivert athæfi. Hefur hann með atferli sínu, sem lýst er í 1. og 2. tl. hér að framan, gerzt brotlegur gegn 202. gr. sbr. 200. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940, og 45. gr. laga nr. 29, 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, en með atferli sínu, sem lýst er í 3. tl. hér að framan, þykir hann, eins og atvikum í máli þessu er varið, hafa brotið gegn 209. gr. hegningarlaganna og 45. gr. laga nr. 29/1947. Á hinn bóginn verður 191. gr. hegningarlaganna ekki talin taka til atferlis ákærða, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn þeirri lagagrein. Þykir refsing ákærða með hliðsjón f 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til þess, að skírlífisbrot hans var framið gegn dóttur hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 28. maí 1960 til 16. júlí sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði verður ekki sviptur réttindum samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna breytingar, sem varð á þeirri grein með 6. gr. laga nr. 31 24. marz 1961.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í málinu, Sig-

urðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, og málsvarn-  
arlaun skipaðs verjanda ákærða í málinu, Árna Guðjónssonar  
hæstaréttarlögmanns, sem var einnig réttargæzlumaður ákærða  
frá upphafi dómsrannsóknar málsins, kr. 5.000.00.

Dráttur varð á máli þessu frá útgáfu ákæru 17. október 1960  
til 9. maí sl., sakir þess að ákærði var á þeim tíma í siglingum  
viðsvegar um heiminn.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Árnason, sæti fangelsi í 15 mánuði.  
Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. maí 1960 til 16. júlí  
1960 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun  
skipaðs sækjanda í málinu, Sigurðar Ólasonar hæstaréttar-  
lögmanns, kr. 3.500.00, og laun skipaðs réttargæzlumanns  
og verjanda ákærða í málinu, Árna Guðjónssonar hæstaréttar-  
lögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 25/1962. **Hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs**  
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Sigurjóni Jónssyni**

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar:

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
stefnu 8. marz 1962. Hann krefst *aðallega* sýknu af kröf-  
um stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir  
Hæstarétti. *Til vara* krefst afrýjandi lækkunar á dæmdum  
fjárhæðum, að málskostnaður í héraði verði felldur niður  
og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst